

Vestmannaeyjabær
Ráðhúsinu
Kirkjuvegur 50
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 20. desember 2024
Málsnúmer: 202412-0040
IAS

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Listaverk við Eldfell.

Við er í erindi frá Vestmannaeyjabæ, dags. 12. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035, vegna listaverks Ólafs Elíassonar við Eldfell..

Í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargossins hefur Vestmannaeyjabær fengið listamanninn Ólaf Elíasson til að hanna listaverk um goslokin þann 3. júlí 1973. Hönnun listaverksins og staðsetning liggja fyrir. Ríkisstjórn samþykkti að veita styrk af ráðstöfunarfé sínu til Vestmannaeyjabæjar vegna hugmyndavinnu fyrir listaverkið. Ferðamálaráðherra gerði í framhaldi samning um verkefnastyrk við Vestmannaeyjabæ sem undirritaður var 23. maí 2024. Listaverkið mun standa á nýjum útsýnisstað í Kirkjubæjarhrauni og honum munu tengjast nýjar gönguleiðir um hraunið og á Eldfell. Stórkostlegt útsýni er frá Eldfelli yfir Kirkjubæjarhraun og Vestmannaeyjabæ, í átt til lands og til eyjanna í kring. Markmiðið er að listaverkið skapi nýjan útsýnisstað sem felur í sér gönguleið á fjallið og þannig bæta aðgengi að einstakri náttúru og auðga upplifun gesta af umhverfinu. Verkið muni koma til með að undirstrika enn frekar þá náttúrufegurð, sem er á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun hefur áður komið með ábendingar og athugasemdir og eru þær endurteknar hér.

Markmið uppsetningar minnisvarða eru mörg hver mjög jákvæð. Það á t.d. að vernda og viðhalda náttúrulegu yfirbragði svæðisins með vandaðri uppbyggingu sem fellur vel að umhverfinu, draga úr ágangi framandi plöntutegunda, stýra umferð um svæðið og takmarka umferð ökutækja, einfalda stígakerfi með nýjum stíg sem verður hluti af upplifun listaverksins og leggja aðra stíga niður og færa þá aftur í náttúrulegt horf. Það kemur þó ekki nægilega vel fram á deiliskipulagsuppdraetti hvaða vegslóðum og stígum verður lokað og því erfitt að meta áhrifin. Ekki er heldur skýrt hvað felst í því að draga úr ágangi framandi plöntutegunda.

Eldhraun og gígar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum um náttúruvernd og því þarf að huga sérstaklega vel að því að lágmarka allt rask á þeim. Umgengni í og við Eldfellið hefur verið ábótavant í gegnum árin og því getur minnisvarðinn stuðlað að bættu aðgengi og betra skipulagi innan svæðisins.


Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við staðsetningu minnisvarðans í hrauninu en setur spurningar við fyrirhugaða göngustíga upp á Eldfell. Almenn er æskilegt að göngustígar falli vel að náttúrunni og séu lítið áberandi. Hér á að fara þver öfuga leið og gera göngustígana áberandi og hluta af minnismerki um gosið. Göngustígurinn á fyrst að liggja yfir hraunið en þegar hann kemur að Eldfelli á hann að kvíslast. Vestari hlutinn verður mikið til á sömu slóðum og eldri stígar en sá eystri á að fara upp gíginn þar sem hann er það brattur að ekki er öruggt að

leggja þar stíg án þess að vera með handrið og hvíldarpalla og því verður um mikið mannvirki að ræða og óvíst er hversu mikla festingu er að fá í gjallinu.

Eldfellið er mjög sýnilegur, um 200 m hár gígur nánast inni í Vestmannaeyjabæ, og er í dag vitnisburður um eldgosið 1973. Náttúrufræðistofnun telur að minnisterki ætti ekki að breyta náttúrulegri ásýnd gígsins, með áberandi og jafnvel upplýstum göngustígum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingarnar en er tilbúin að veita frekari ráðgjöf á síðari stigum ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

